

Eyja- og Miklaholtshreppi, 27. mars 2023

Efni: Umsögn sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps um tillögur um breytingar á lögum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga

Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps mótmælir harðlega skerðingu greiðslna úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga komi til þess að drög að frumvarpi til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga verði samþykkt á Alþingi. Gert er ráð fyrir að greiðslur til Eyja- og Miklaholtshrepps frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga muni skerðast um rúmeða 78%. Komi þessi skerðing til framkvæmda mun hún hafa mjög neikvæð áhrif á fjárhag sveitarfélagsins. Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps lítur svo á að með þessum breytingum sé verið að þvinga til sameiningar við önnur sveitarfélög.

f.h. sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps,

Sigurbjörg Ottesen,

oddviti